

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 31. október, kl. 9:00 var haldinn 1802. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

1. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn CityHub RKV ehf., kt. 460623-1890, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki IV, tegund; gistiskáli (CityHub) að Hverfisgötu 46, F2218903 rými 05 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Gestafjöldi 184. Starfsleyfi í gildi til 16.10.2036.

2. Lögð fram umsókn ARM1 ehf., kt. 670824-0630, dags. 28. október 2024, um skráningu á bifreiðasprautun og -réttingum (Armur) að Skeifunni 5, F2023282, rými 01 0103. Eigendaskipti.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur, starfsskilyrði fyrir bifreiðasprautun og starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*.

3. Lögð fram umsókn Dekkjahallarinnar ehf., kt. 520385-0109, dags. 28. október 2024 um skráningu á hjólbarðaverkstæði (Dekkjahöllin) að Skútuvogi 12j, F2020940, rými 03 0102. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði*.

4. Lögð fram umsókn Menntamiðstöðvarinnar ehf., kt. 521294-2649, dags. 25. september 2024, um starfsleyfi fyrir fullorðinsfræðslu (Ferðamálaskóli Íslands) að Bíldshöfða 18, F2043239, rými 03 0301. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börnum eða fullorðnum 6 eða fleiri*.

5. Lögð fram umsókn Kurdish ehf., kt. 590722-1030, dags. 25. október 2024, um leyfi til tóbakssölu (Family Market) að Grensásvegi 14. Nýtt leyfi

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 9:30

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson